



Borgarráð

***Umsögn um fyrirspurn áheyrndafulltrúa Flokks fólksins um aðkomu borgarinnar að sundlaugarbyggingu á Hrafnistu***

Á fundi borgarráðs 13. september sl. lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram eftirfarandi fyrirspurn:

*"1) Hvort og með hvaða hætti borgin hafi komið að sundlaugarbyggingunni á Hrafnistu og Norðurbrún á sínum tíma.*

*2) Gaf borgin lóðina, styrkti hún byggingu mannvirkisins, bæði sundlaugar og búningasklefa?*

*3) Hvernig var notkuninni á sundlauginni háttað á meðan hún var í lagi, var samið sérstaklega um afnot borgarinnar af henni eða fengu þjónustubegarnir við Norðurbrún að nota hana ókeypis í ljósi góðra samskipta borgarinnar og Hrafnistu?*

*4) Hefur Hrafnista í hyggju að opna laugina að nýju og hvað stendur í vegi fyrir því ef svo er ekki?"*

Umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar:

Eftirfarandi svör voru unnin í samráði við Sjómannadagsráð höfðborgarsvæðisins.

1. Árið 1994 gerðu Reykjavíkurborg og Sjómannadagsráð samkomulag um byggingu sundlaugar við Hrafnistu í Reykjavík, sem vígð var árið 1997. Framkvæmdin var fjármögnuð með framlögum frá Hapdrætti DAS, Reykjavíkurborg, Alþjóða flutningaverkamanna sambandinu og framlögum einstaklinga.

2. Frá árinu 1957 hefur Sjómannadagsráð höfðborgarsvæðisins (DAS) starfrækt hjúkrunarheimili Hrafnistu í Laugarási sem er á lóð sem félaginu var úthlutað árið 1954.

Árið 1994 gerðu Reykjavíkurborg og Sjómannadagsráð samkomulag um byggingu sundlaugar við Hrafnistu í Reykjavík, sem vígð var árið 1997. Framkvæmdin var fjármögnuð með framlögum frá Hapdrætti DAS, Reykjavíkurborg, Alþjóða flutningaverkamanna sambandinu og framlögum einstaklinga.

3. Árið 1997 var gerður samningur um rekstrarþátttöku Reykjavíkurborgar, en í honum fólst m.a. að aldraðir þurfa ekki að greiða sérstaklega fyrir notkun á sundlauginni. Rekstrarframlag Reykjavíkurborgar var 2,2 mkr. á meðan sundlaugin var í notkun.

4. Árið 2014 var svo komið að loka þurfti sundlauginni vegna uppsafnaðs viðhalds og rekstartaps. Var þá gerð úttekt á stöðu sundlaugarbyggingarinnar og var niðurstaðan á þá leið að a.m.k. 50-80 milljónir kostaði að gera við húsnæðið en meðal annars þarf að setja nýtt þak á húsið, endurbæta loftræsinguna, skipta um utanhúss klæðningu og uppfæra sundlaugarkerfið. Þess utan lá fyrir að rekstur sundlaugarinnar var jafnaði með 12-15 milljón króna halla síðasta rekstrarár hennar árið 2013, þrátt fyrir styrk Reykjavíkurborgar og tekjum af útleigu til einkaaðila.

Þegar velferðarráðuneytið gaf út kröfulýsingu hjúkrunarheimila, samhliða rammasamningi Sjúkratrygginga Íslands um starfsemi hjúkrunarheimila í lok árs árið 2016, var ljóst að engar

sérstakar fjárveitingar verða ætlaðar til reksturs sundlauga á hjúkrunarheimilum. Þar með var ekki hægt að réttlæta að hjúkrunarheimilið taki þátt í rekstrarhalla sundlaugarinnar. Jafnframt er raunin sú að íbúar hjúkrunarheimila þurfa á það mikilli aðstoð við athafnir daglegs lífs, að aðeins örfáir þeirra geta notað sundlaugar. Rekstur sundlaugar á hjúkrunarheimili er því varla raunhæfur kostur lengur.

Hrafnista er að skoða hvort mögulegt sé að opna sundlaugina á ný. Afstaða stjórnar Sjómannadagsráðs er að það verði ekki gert nema að hægt verði að fjármagna kostnað við rekstur og viðhald án þess að greiða með því. Sent hefur verið erindi til Reykjavíkurborgar um hvort áhugi sé fyrir hendi við að greiða þann kostnað til að hægt verði að opna sundlaugina á ný.

Óli Jón Hertervig

Hjálagt:  
Rekstraruppgjör ársins 2013 frá Hrafnistu



Hrafnista Reykjavík  
Rekstur sundlaugar 2013

# Skýrsla um starfsemi sundlaugar árið 2013

Starfsemi sundlaugar var með svipuðu sniði árið 2013 og fyrri ár. Samtals komu 7.783 gestir í sundlaugina á árinu, miðað við 7.472 árið áður. Fjölgun er 4,2%. Gestir sundlaugar glíma oft við fjölbætt vandamál og þeim fjölgar sem þurfa talsverða aðstoð við sundferðir.

## Markmið

Að viðhalda og auka færni heimilisfólks og gesta. Stuðla þannig að auknu sjálfstæði til allra athafna og betri líðan, jafnt andlegri sem líkamlegri.

Að starfsfólk tileinki sér fagleg vinnubrögð, fylgist með þróun endurhæfingar í öldrunarþjónustu og beiti ávallt heppilegustu úrræðunum til handa skjólstæðingum sínum.

## Mat á mælikvörðum

Þjálfun er fjölbreytt, lögð er áhersla á jafnvægisþjálfun, styrktar- og þolþjálfun ásamt hvatningu til einstaklinga til að stunda þá hreyfingu sem hentar hverju sinni.

Faglegur metnaður er hjá starfsmönnum. Starfsmenn hafa sótt viðbótarmenntun í öldrunarþjónustu og hreyfivísindum. Þar að auki sóttu starfsmenn deildarinnar ýmis fagnámskeið á árinu.

Sundurliðun gesta	2013		2012	
Hrafnista.....	2.325	30%	2.771	37%
Eldri borgarar úr nágretta húsum.	3.393	44%	1.994	27%
Reykjavíkurborg / fríkort.....	2.065	27%	2.707	36%
Samtals gestir	<u>7.783</u>		<u>7.472</u>	

Reykjavík, 11. júní 2014

Harpa Gunnarsdóttir  
Fjármálastjóri

## Rekstrarreikningur

	2013	2012
<b>Tekjur</b>		
Útleiga á sundlaug.....	3.168.180	3.079.661
Styrkur Reykjavíkurborgar.....	2.200.000	2.200.000
Aðgangseyrir í vatnsleikfimi.....	100.000	205.000
Tekjur samtals	5.468.180	5.484.661
 <b>Gjöld</b>		
Laun og launatengd gjöld.....	8.836.857	7.311.897
Rekstrarvörur og aðkeypt þjónusta.....	1.327.268	1.251.198
Sími.....	16.646	19.626
Rafmagn.....	1.167.913	1.271.379
Heitt vatn.....	686.184	767.221
Vatns- og fráveitugjöld.....	866.215	838.615
Fasteignagjöld.....	3.107.606	3.107.610
Tryggingar.....	336.725	325.553
Gjöld samtals	16.345.414	14.893.099
 Tap fyrir afskriftir og áætlaða rekstrarliði.....	10.877.234	9.408.438
Áætlað viðhald fasteignar.....	1.534.429	1.343.700
Afskrift húsnæðis.....	1.976.725	1.976.650
Afskriftir og áætlaðir rekstrarliðir samtals	3.511.154	3.320.350
 <b>Tap ársins</b> .....	<b>14.388.388</b>	<b>12.728.787</b>